

5  
6. apríl

## TILSKIPUN um

að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum 13. nóv. 1903, skuli einnig ná til þýska ríkisins.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Að með því að þeim, sem á Íslandi reka verksmiðju-  
iðnað eða handiðnað, jarðrækt, málmnám, verslun eða aðra atvinnu, er veittur sami kostur á að öðlast vernd á vörumerkjum í þýska ríkinu eins og eigin þegnum, þá viljum Vjer samkvæmt heimild þeirri, sem gefin er í 15. gr. laga um vörumerki, 13. nóv. 1903, skipa svo fyrir sem hjer segir:

Þeir, sem í þýska ríkinu reka verksmiðjuiðnað eða handiðnað, jarðrækt, málmnám, verslun eða aðra atvinnu, skulu verða þeirrar verndar á vörumerkjum, sem lög 13. nóv. 1903 heimila, aðnjótandi með þeim skilyrðum, er hjer greinir:

1. Tilkynningu skal fylgja sönnun fyrir því, að beiðandi hafi fullnægt skilyrðum þeim, sem sett eru í þýska ríkinu fyrir því, að vörumerkið njóti þar verndar.
2. Beiðandi skal undirgangast, að bæjarþing Reykjavíkur sje varnarþing hans í öllum málum viðvíkjandi vörumerkjum og tilnefna umboðsmann búsettan á Íslandi, er taki á móti málssókn fyrir hans hönd.
3. Vörumerkið skal ekki njóta víðtækari verndar eða verndar fyrir lengri tíma en í þýska ríkinu.
4. Vörumerkið skal skrásetja í þeirri mynd, sem löggilt er í þýska ríkinu, nema gagnstætt sje velsæmi og alsherjarreglu.
5. Nú er vörumerki tilkylnt til skrásetningar á Íslandi í síðasta lagi 4 mánuðum eftir að það hefir verið tilkylnt í þýska ríkinu, og skal þá gagnvart öðrum tilkynningum telja, að þessi tilkynning hafi farið fram um leið og tilkynningin fer fram í þýska ríkinu.
6. Nú er synjað um skrásetning samkvæmt 5. gr. nr. 5 framannefndra laga 13. nóv. 1903, og beiðandi höfðar mál gegn þeim, sem áður hefir tilkylnt merkið og fengið það skrásett, og sannar, að hann hafi fyrstur notað merki þetta, en að hinn hafi síðar tekið það upp, og má þá með dómi úrskurða honum rjett til að fá merkið skrásett með einkarjetti, til að nota það á þær vörutegundir, sem hann notaði merkið á, þegar vernd komst á í báðum löndunum, en höfða skal hann þá mál útaf þessu innan 6 mánaða frá því verndin komst á. Þetta skerðir þó að engu leyti rjett þann, sem heimilaður er í 11. gr. 3. málsgrein nefndra laga.

Tilskipun þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalúborg, 6. apríl 1923.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Kl. Jónsson.*